

Gjaldskrá

vegna þjónustu Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar bs.

1. gr. – Almenn

Vegna leyfisveitinga á sviði skipulags- og byggingarmála í Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit, Grýtubakkahreppi og Svalbarðsstrandarhreppi eða vegna annarrar þjónustu sem Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar bs. (SBE) veitir skal greiða þau gjöld sem gjaldskrá þessi kveður á um. Gjaldskráin er sett með heimild samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og mannvirkjalögum nr. 160/2010. Ofangreind sveitarfélög og SBE nefnast í gjaldskrá þessari leyfisveitandi og annast SBE innheimtu samkvæmt gjaldskránni.

2. gr. – Gjald vegna leyfisveitinga á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010

Gjaldskráin byggir á þeirri meginreglu að aðili sem óskar eftir skipulagsgerð eða annarri leyfisveitinu á sviði skipulagsmála skuli greiða þann kostnað sem af málinu hlýst. Í því felst að málshefjandi greiðir kostnað vegna nýrra uppdráttar, breytinga á uppdráttum, auglýsinga og kynninga, annarrar vinnu og útlagðs kostnaðar sem til kemur hjá leyfisveitanda vegna málsins. Leyfisveitandi getur ákveðið að falla frá gjalddöku ef skipulagsvinna á vegum hlutaðeigandi sveitarfélags er yfirstandandi eða fyrirhuguð á svæðinu eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir leyfisveitanda.

Eftirfarandi gjöld eru innheimt frá málshefjanda vegna skipulagsvinnu á vegum leyfisveitanda:

A) Aðalskipulagsbreyting – veruleg

Afgreiðslugjald	16.230-
Viðmiðunargjald	370.879-
Auglýsingargjald	108.201-

B) Aðalskipulagsbreyting – óveruleg

Afgreiðslugjald	16.230-
Viðmiðunargjald	185.439-
Auglýsingargjald	71.209-

C) Deiliskipulag – nýtt

Afgreiðslugjald	16.230-
Viðmiðunargjald	Útlagður kostnaður leyfisveitanda samkvæmt reikningi
Auglýsingargjald	108.201-

D) Deiliskipulag – breyting

Afgreiðslugjald	16.230-
-----------------	---------

Viðmiðunargjald	Útlagður kostnaður leyfisveitanda samkvæmt reikningi
Auglýsingar og umsýslugjald	108.201-
E) Deiliskipulag - óveruleg breyting Afgreiðslugjald Viðmiðunargjald	16.230- Útlagður kostnaður leyfisveitanda samkvæmt reikningi
Auglýsingar og umsýslugjald	71.209-
F) Grenndarkynning	16.230-
G) Framkvæmdaleyfi Afgreiðslugjald Frkv. leyfi A og B framkvæmdir skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 Frkv. leyfi aðrar eftirlitsskyldar framkvæmdir Kostnaður vegna útgjalda leyfisveitanda við eftirlit með leyfisskyldum framkvæmdum, s.s. aðkeypt ráðgjöf og annar útlagður kostnaður.	16.230- 162.297- 36.065- Útlagður kostnaður leyfisveitanda samkvæmt reikningi
H) Umhverfismatsgjald vegna efnistöku úr Hörgá og þverám hennar pr. m ³ m.v. magn efnis skv. umsókn.	22 kr/m ³
I) Framkvæðiseftirlit sveitarfélags með framkvæmdum, starfsemi eða frágangi á starfssvæði SBE. Greiðist af landeiganda eða eiganda mannvirkis sem í hlut á.	Tímagjald skv. 5. gr. gjaldskrár eða útlagður kostnaður leyfisveitanda samkvæmt reikningi.

Í viðmiðunargjaldi felst vinna á vegum leyfisveitanda, aðkeypt þjónusta og önnur útgjöld sem til falla vegna leyfisveitingar eða eftirlits.

3. gr. – Gjald vegna leyfisveitinga á grundvelli mannvirkjalaga nr. 160/2012

Innifalið í byggingarleyfisgjaldi er yfirferð teikninga, útmæling innan byggingarreits, lögboðið byggingareftirlit meðan á framkvæmdum stendur, útgáfa byggingarstigsvottorða og öryggis- og lokaúttekt.

Byggingarleyfisgjald skiptist í afgreiðslugjald og fermetragjald eins og fram kemur í eftirfarandi töflu:

Tegund byggingar:	Afgreiðslugjald	Fermetragjald
A) Íbúðarhúsnæði, bílgeymslur og gistihús	kr. 142.078-	kr. 356-
B) Stofnanir, verslunar- og þjónustuhús	kr. 142.078-	kr. 178-
C) Frístundahús	kr. 106.559-	kr. 356-
D) Gripahús, iðnaðarhús og sérbyggðar bílgeymslur	kr. 106.559-	kr. 143-
E) Vélageymslur, gróðurhús og loðdýrahús	kr. 106.559-	kr. 89-
F) Aðstöðuhús, geymslur, gestahús og sambærilegt	kr. 53.279-	kr. 356-
G) Viðbygging og leyfis skyld breyting á húsnæði. Fermetragjald miðast við flatarmál þeirra rýma sem framkvæmdin hefur áhrif á.	kr. 49.591-	Skv. tegund byggingar A-F
H) Tilkynningarskyldar framkvæmdir skv. gr. 2.3.6 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.	kr. 16.230-	kr. 0-
I) Niðurrif og afskráning húsnæðis	kr. 16.230-	kr. 0-

4. gr. – Önnur afgreiðslu- og þjónustugjöld

A) Úttekt vegna leiguhúsnæðis (hver úttekt)	kr. 44.400-
B) Hver endurskoðun aðaluppdráttar	kr. 26.639-
C) Endurnýjun byggingarleyfis án breytinga á teikningum	kr. 26.639-
D) Yfirferð eignaskiptayfirlýsinga	kr. 26.639-
E) Úttekt vegna byggingarstjóra- og meistaraskipta	kr. 26.639-
F) Stöðuleyfi vegna hjólhýsa, gáma o.þ.h.	kr. 26.639-
G) Stöðuleyfi, endurnýjun	kr. 13.320-
H) Stofnun fasteignar/lóðar, ein lóð	kr. 17.760-

I) Stofnun fasteigna/lóða, hver lóð umfram eina	kr. 8.878-
J) Úttekt vegna nýrra rekstrarleyfa	kr. 26.639-
K) Úttekt vegna endurnýjunar á rekstrarleyfum	kr. 13.320-

Aðkeypt vinna við yfirferð séruppráttanna og annar útlagður kostnaður leyfisveitanda greiðist af umsækjanda/framkvæmdaraðila samkvæmt reikningi frá verksala.

5. gr. – Tímagjald og aðkeypt vinna

Ef vinna eða kostnaður leyfisveitanda við leyfisveitingu eða eftirlit er verulegur umfram gjald skv. ofangreindum gjaldskrárlíðum er heimilt að leggja á til viðbótar tímagjald starfsfólks SBE eða gjald skv. reikningi vegna aðkeyptrar þjónustu. Tímagjald vegna vinnu starfsfólks SBE er kr. 16.230-.

6. gr. – Breytingar á fjárhæð gjalda

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu (grunnur 2009) í janúar 2023, sem var 180,0 stig og tekur breytingum um áramót eftir byggingarvísitölu janúarmánaðar hvers árs. Vísitala breytist síðan um áramótin

7. gr. – Gildistaka

Gjaldskráin hefur verið samþykkt á fundum sveitarstjórna sveitarfélaganna sem eiga aðild að Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar bs. og tekur þegar gildi. Við gildistöku gjaldskrárinnar falla úr gildi gjaldskrá vegna byggingareftirlits byggingarfulltrúa Eyjafjarðarsvæðis nr. 1298/2013, gjaldskrá fyrir framkvæmdaleyfi og skipulagsvinnu í Eyjafjarðarsveit nr. 652/2012 og gjaldskrá fyrir framkvæmdaleyfisgjald og gjald fyrir skipulagsvinnu í Hörgársveit nr. 245/2012.

Samþykkt í sveitarstjórn Grýtubakkahrepps 06.01
2025.
Þröstur Friðfinnsson, sveitarstjóri Grýtubakkahrepps

Samþykkt í sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar 16.01
2025.
Finnur Yngvi Kristinsson, sveitarstjóri
Eyjafjarðarsveitar

Samþykkt í sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps
14.01 2025.
Þórunn Sif Harðardóttir, sveitarstjóri
Svalbarðsstrandarhrepps

Samþykkt í sveitarstjórn Hörgársveitar 09.01.2025.
Snorri Finnlaugsson, sveitarstjóri Hörgársveitar

Undirritunarsíða

Undirritun skipulags- og byggingarfulltrúa
Arnar Ólafsson

Undirritun sveitarstjóra Eyjafjarðarsveitar
Finnur Yngvi Kristinsson

Undirritun sveitarstjóra Grýtubakkahrepps
Þróstur Friðfinnsson

Undirritun sveitarstjóra Hörgársveitar
Snorri Finnlaugsson

Undirritun sveitarstjóra svalbarðsstrandarhr...¹⁾
Þórunn Sif Harðardóttir

1) Undirritun sveitarstjóra svalbarðsstrandarhreppur